



Fundargerð

392. fundur í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn á Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri kl. 13:00 fimmtudaginn 14. janúar 2016. Þetta er 1. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur, sveitarstjóra og er 3 blaðsíður. Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna. Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Oddviti óskar eftir breytingu á dagskrá, að við málefnskrá bætist:

I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

8. Minnisblað frá fundi sveitarstjóra vegna snjómoksturs

Dagskrárbreyting samþykkt

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi

Leitað hefur verið eftir upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu vegna þess fjármagns sem samþykkt var á fjáraukalögum 2015 til Skaftárhrepps vegna vatnstjóns af völdum Skaftárhlaups í október á síðasta ári. Enn er verið að bíða svara en þeirra er að vænta á næstu dögum. Sveitarstjóri átti fund með fulltrúum Vegagerðar vegna snjómoksturs í sveitarfélaginu ásamt fleiri málum. Fulltrúi frá framkvæmdasýslu ríkisins kemur í vettvangsferð á næstu dögum vegna umræðu um nýja staðsetningu gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs. Farið hefur verið yfir vinnustaðaúttektir með forstöðumönnum stofnana sem munu kynna þær fyrir sínum starfsmönnum og vinna að úrbótum samkvæmt niðurstöðum. Fundur vegna húsnæðismála verður 19. janúar n.k. ásamt fundi með fulltrúa frá Umhverfisstofnun vegna vinnu starfshóps sem hefur verið að kanna stækkunarmöguleika friðlands að fjallabaki.

Dagskrá

I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. Áhrif skipulagsbreytinga SASS á verkefnið Skaftárhreppur til framtíðar

Sveitarstjórn Skaftárhrepps gerir alvarlega athugasemd við vinnubrögð stjórnar SASS og framkvæmdastjóra samtakanna varðandi hvernig staðið var að skipulagsbreytingum hjá SASS í desember s.l. Að nýafstöðnum aðalfundi þar sem hvergi var minnst á skipulagsbreytingar er óforsvaranlegt að umbylta algerlega gildandi skipulagi án nokkurs samráðs eða upplýsingagjafar. Sveitarstjórn lítur svo á að sú aðgerð stjórnar SASS að bjóða starfsmanni verkefnisins starfslok sé aðför að verkefninu brothættar byggðir „Skaftárhreppur til framtíðar“. Einnig veltir sveitarstjórn því fyrir sér hvort stjórn SASS geti gert slíkar grundvallarbreytingar á starfsemi samtakanna að hætta með atvinnuráðgjöf án samráðs við sveitarfélögin. Sveitarstjórn væntir áframhaldandi samstarfs við SASS og Byggdastofnun varðandi verkefnið „Skaftárhreppur til framtíðar“ og mun leggja sig fram við að svo verði.

2. Jafnréttisáætlun Skaftárhrepps 2016-2018



Tillaga að jafnréttisáætlun Skaftárhrepps 2016-2018 lögð fram. Jafnréttisnefnd var falið að vinna jafnréttisáætlun. Áætlunin hefur verið yfirfarin af Jafnréttisstofu og lagfærð samkvæmt athugasemdum.

Sveitarstjórn samþykkir jafnréttisáætlun Skaftárhrepps 2016-2018.

3. Tillaga að gjaldskrá um hunda- og kattahald

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána.

4. Erindi frá Mannvirkjastofnun vegna brunavarnaráætlunar. 16.12.2015

Slökkviliðsstjóra og sveitarstjóra falið að vinna brunavarnaráætlun í samstarfi við Mannvirkjastofnun.

5. Breyting á reglum um sérstakar húsaleigubætur

Sveitarstjórn samþykkir breytingar á reglum um sérstakar húsaleigubætur.

6. Bréf til sveitarfélaga vegna vinnu um samræmda lóðaaufmörkun.08.01.2016

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við nálgun Sambands íslenskra sveitarfélaga.

7. Tilnefning í vinnuhóp vegna þarfagreiningar Kirkjubæjarskóla

Þarfagreiningin snýr að nýtingarmöguleikum húsnæðis Kirkjubæjarskóla. Efla verkfæðistofa mun vinna þarfagreininguna. Sveitarstjórn tilnefnir Bjarka Guðnason í vinnuhópinn og óskar eftir tilnefningum fulltrúa fræðslunefndar og skipulagsnefndar. Sveitarstjóri verður starfsmaður vinnuhópsins.

8. Minnisblað frá fundi sveitarstjóra vegna snjómoksturs

Nauðsynlegt er til að bæta þjónustu í snjómokstri í sveitarfélaginu að koma því í ákveðið ferli. Tilgangurinn er ekki síst að stytta boðleiðir. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að gera þrihliða samning við Vegagerð og verktaka ásamt því að gera verðkönnun vegna snjómoksturs á Kirkjubæjarklaustri.

II. Fundargerðir til samþykktar

1. 63. fundur æskulýðs- og íþróttanefndar. 17.12.2015. Fundargerð samþykkt
2. Fundur jafnréttisnefndar Skaftárhrepps. 26.11.2015. Fundargerð samþykkt
3. Fundur fjallskilaneftar Áltaversafréttar. 01.09.2015. Fundargerð samþykkt
4. Fundur fjallskilaneftar Áltaversafréttar. 28.12.2015.

2. Fjárhagsáætlun Áltaversafréttar fyrir árið 2016. Áætlun 80.000 til viðhalds mannvirkja. samþykkt

Viðhald mannvirkja, það er á réttum, lagfæring á fjárgerðum og húsi við Hólmsárfoss kr. 80.000



Fjárhagsáætlun 2016-2019 var samþykkt af sveitarstjórn 10. desember 2015. Gert var ráð fyrir 200 þús.kr. á lið 1322 Fjárgirðingar og landgræðslu sem hægt er að nýta til lagfæringar á réttum og fjárgerðum í sveitarfélaginu. Ekki er gert ráð fyrir viðhaldi á húsi við Hólmsárfoss í fjárhagsáætluninni.

Fundargerð í heild samþykkt.


III. Fundargerðir til kynningar.


1. Símafundur verkefnisstjórnar „Skaftárhreppur til framtíðar“.03.12.2015. *Fundargerð kynnt.*
2. 30. Fundur félagsmálanefndar. 11.01.2016. *Fundargerð kynnt.*


IV. Annað kynningarefni.


1. Reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga. 11.12.2015. *kynnt*


Næsti fundur áætlaður 11. febrúar 2016
Fundargerð lesin upp og samþykkt
Fundu slitið kl. 15:27


Eva Björk Harðardóttir


Jóhannes Gissurásson


Sverrir Gíslason


Bjarki Guðnason


Heiða Guðný Ásgeirsdóttir